



HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

AUSTURVEGI 2 • 800 SELFOSS • SÍMI 482 1259 • KENNITALA 630189-2849

ÁRSSKÝRSLA 2007



Pétur M. Sigurðsson sýnir Vigdís Finnbogadóttir, forseta Íslands, Byggðasafnsafn Árnésinga er hún kom í heimsókn árið 1983.

Annáll 2007

Héraðsnefnd Árneseinga samþykkti á fundi sínum í október 2006 þá tillögu stjórnar HérÁrn að bæta við og kosta hálfst stöðugildi aðstoðarmanns við safnið. Þar af leiddi að héraðsskjalavörður gat verið í 100% og aðstoðarmaðurinn í 75% stöðuhlutfalli allt árið. Stjórnin var óbreytt frá fyrra ári en hana skipa Hróðný Hanna Hauksdóttir formaður, Páll Stefánsson varaformaður og Tryggvi Steinarsson ritari. Varamenn eru Þór Hagalín, Arnór Karlsson og Dagbjört Hannesdóttir.

Rekstrartekjur safnsins urðu alls 11.601.826 kr. eða 2,4% umfram áætlun og rekstrargjöld ásamt stofnbúnaði 11.415.128 kr. sem er 0,8% yfir áætlun. Hagnaður ársins varð því 186.698 kr. Í stofnbúnaðarkaupum munaði mest um nýja stafræna ljósritunarvél sem jafnframt nýtist sem tölvuprentari. Hún leysir af hólmi tæplega sjö ára gamla vél sömu gerðar. Gestir safnsins urðu 1123 sem er þriðja hæsta gestatala frá upphafi. Fyrirspurnum og afgreiðslum símleiðis og á neti fjölgar stöðugt og voru sérstaklega margar undir lok ársins. Þann 15. júní var opnuð sýning á ljósmyndum, skjölum og nokkrum munum í minningu Péturs M. Sigurðssonar fyrrum safnvarðar en þann dag voru 100 ár liðin frá fæðingu hans. Sú sýning er enn uppi og verður svo til næsta vors.

Tveir stjórnarfundir voru haldnir á árinu. Hinn fyrri var 21. febrúar þar sem m.a. var gengið frá ársskýrslu og ársreikningi vegna 2006 og sá síðari var 19. september þar sem fjárhagsáætlun ársins 2008 var afgreidd og fleiri mál rædd. Héraðsskjalavörður sótti tvö þing skjalavarða, bæði í Reykjavík, hið fyrra á vegum Borgarskjalasafns Reykjavíkur 29. og 30. janúar og hið síðara á vegum Þjóðskjalasafns Íslands 22. og 23. nóvember. Þann 25. október flutti héraðsskjalavörður erindi um skjalavörslu grunn- og leikskóla og þá einkum í ljósi rafrænnar skjalvörslu og þá annmarka sem enn eru á þeirri vörsluaðferð. Skólaskrifstofa Suðurlands boðaði til fundarins, sem haldinn var í húsnæði hennar á Selfossi, og þar mættu einkum skólastjórnendur í umdæmi hennar.

Aðföng urðu mikil í 62 afhendingum eins og sjá má á úrdrættinum á næstu blaðsíðu. Tölvvert ljósmynda var í þeim afhendingum og þar má nefna afhendingu úr dánarbúi séra Guðmundar Óla Ólafssonar. Mikið var unnið við skráningu skjala bæði opinberra s.s. sveitarfélaga og skóla og einkaskjala. Þá hefur verið unnið markviss að því að ná í hús skjölum þeirra sveitarfélaga sem horfin eru af vettvangi vegna sameiningar og skrá í geymsluskrár safnsins. Vonir standa til þess að því verki verði að mestu lokið innan tveggja ára. Áður voru sveitarfélögin 18 en nú eru aðeins átta eftir. Síðasta sameiningin er tæpra tveggja ára eða frá 2006 þegar þrír Flóahreppar urðu að einum. Íbúum hefur hins vegar fjölgað verulega í Árneshöfði og eru 15.025 samkvæmt manntalinu 1. desember 2007.

**Viðskiptavinum öllum, notendum
og gefendum er þakkað samstarfið**

Björn Pálsson héraðsskjalavörður

Úr aðfangaskrá Héraðsskjalasafns Árneseinga 2007

A Opinber skjöl sveitarfél. o.fl.:

- 1) Ása- og Gnúpverjaskóli
- 2) Barnaskóli Skeiðahrepps/Brautarholtssk.
- 3) Brautarholts- og Gnúpverjaskóli
- 4) Barnaskóli Villingaholtshrepps/Lestrarfélag
- 5) Gaulverjabæjarhreppur
- 6) Gnúpverjahreppur
- 7) Grafningshreppur
- 8) Grímsneshreppur
- 9) Grunnskólinn í Hveragerði
- 10) Grunnskólinn í Þorlákshöfn
- 11) Héraðsskólinn á Laugarvatni/skólanefnd
- 12) Hjallakirkja/sókanarnefnd
- 13) Hreppstjórinn í Gnúpverjahreppi
- 14) Hreppstjórinn í Grafningshreppi
- 15) Hreppstjórinn í Hraungerðishreppi
- 16) Leikskólinn Árbær
- 17) Rannsóknarmiðst. í jarðskjálftaverkfr.
- 18) Sandvíkurhreppur
- 19) Selfoskaupstaður, sundhöll o.fl.
- 20) Skólaskrifstofa Suðurlands
- 21) Villingaholtshreppur
- 22) Ölfushreppur

Sá/Sú sem afhenti:

- Rut Guðmundsd. skólastj.
- Rut Guðmundsd. skólastj.
- Rut Guðmundsd. skólastj.
- Kristín Sigurðard. skólastj.
- Valdimar Guðjónsson
- Bjarni Einarsson
- Sigurður Bjarnason
- Böðvar Pálsson
- Skrifstofustjóri
- Halldór Sigurðsson skólastj.
- Böðvar Pálsson
- Barbara Guðnadóttir
- Bjarni Einarsson/Páll Lýðsson
- Sigurður Bjarnason
- Gísli Hauksson
- Rannveig Guðjónsd. skólastj.
- Jón Börkur Ákason
- Margrét H. Steindórsdóttir
- Signý Harpa Hjartardóttir
- Kristín Hreinsdóttir
- Bjarki Reynisson
- Svanur Kristjánsson

B Skjöl félaga, fyrirtækja og einstaklinga:

- 1) Aage V. Michelsen, vinnuvélar o.fl.
 - 2) Anna og Áslaug Magnúsdóttir
 - 3) Ásgautsstaðir, sameignarfélag
 - 4) Brunabótafélag Íslands/Hrunamannahreppur
 - 5) Búrfellsheimilið
 - 6) Helgi og Jóna á Núpum
 - 7) Hestamannafélagið Logi
 - 8) Héraðssambandið Skarphéðinn
 - 9) Híð í Gnúpverjahreppi
 - 10) Hraðfrystihús Stokkseyrar
 - 11) Ingólfur Bárðarsson, Selfossi/ljósmyndir
 - 12) Jóhannes Erlendsson, Torfastöðum, Bisk.
 - 13) Kópavatn í Hrunamannahreppi
 - 14) Magnús og Þórdís/ljósmyndir húsa á Selfossi
 - 15) Meitillinni hf.
 - 16) Ræktunarsambandið Ketilbjörn
 - 17) Samábyrgð Íslands á fiskiskipum/Eyrbakkaumb.
 - 18) Samband sunnlenskra kvenna
 - 19) Samstarfshópur sunnlenskra bænda
 - 20) Sparisjóður Hveragerðis og nágrennis
 - 21) Sr. Guðmundur Óli Ólafsson
 - 23) Tónlistarfélag Árneseinga
 - 24) Ungmennafélagið Hvöt í Grímsnesi
 - 25) Veidifélag Árneseinga
 - 26) Villingavatn í Grafningi
- Kári Michelsen
- Helgi Ívarsson
- Anna Guðrún Bjarnadóttir
- Loftur Þorsteinsson
- Böðvar Pálsson
- Sigurveig Helgadóttir
- Guðmundur Ólafsson
- Engilbert Olgeirsson
- Páll Lýðsson
- Jón Páll Kristófersson
- Ingólfur Bárðarsson
- Gunnar Bjarnason
- Magnús Jónsson
- Þórdís Frímannsdóttir
- Barbara Guðnadóttir
- Böðvar Pálsson
- Barbara Guðnadóttir
- Guðrún Jónsdóttir
- Páll Lýðsson
- Ingibjörg Guðjónsd. útíbússtj.
- Gunnar Ólafsson
- Helgi Helgason
- Böðvar Pálsson
- Ketill Ágústsson
- Sigurður Bjarnason

HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

Skammstöfun HérÁrn og netfang herarn@simnet.is

Opnunartími

Mánudaga, þriðjudaga og föstudaga kl. 14:00 - 18:00
og fimmtudaga kl.14:00 - 19:00

Stjórn safnsins

Hróðný Hanna Hauksdóttir, Sílatjörn 20, Selfossi, formaður,
Páll Stefánsson, Stuðlum, Ölfusi, varaformaður,
Tryggvi Steinarsson, Hlíð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, ritari

Héraðsskjalavörður / Skjalavörður

Björn Pálsson, Heiðarbrún 51, Hveragerði, sími 483-4389
og 861-5092 / Skúli Sæland, Reykholti 2, Bláskógabyggð

REKSTRARYFIRLIT ÁRSINS 2007

	<u>2007</u>	<u>Áætlun</u>	<u>2006</u>
<u>REKSTRARTEKJUR:</u>			
Héraðsnefnd Árnesinga	10.329.000	10.329.000	8.155.000
“ “ v. 2005	0	0	250.000
Þjóðskjalasafn Íslands	800.000	800.000	800.000
MS, -framlag	0	0	300.000
Seld þjónusta	378.550	200.000	415.079
Fjármagnstekjur	94.276	0	41.694
Samtals	11.601.826	11.329.000	9.961.773

REKSTRARGJÖLD:

Laun og launatengd gjöld	8.610.896	8.625.000	6.533.694
Annar rekstrarkostnaður	2.449.972	2.304.000	2.066.621
Stofnbúnaður	354.194	400.000	263.921
Samtals	11.415.062	11.329.000	8.864.236

HAGNAÐUR / (TAP) 186.764 1.097.537

Breyting á handbæru fé	176.987	1.043.028
Handbært fé í ársbyrjun	<u>1.046.347</u>	3.319
Handbært fé í árslok	<u>1.223.334</u>	<u>1.046.347</u>